

Inngangur

Verkefni þetta er hugsað sem námsefni í samfélagsfræði fyrir miðstig grunnskóla. Ekki er til mikið af námsefnum um heimabyggð eins og mína en það er lítið sjávarþorp með rúmlega fimmhundruð íbúum. Að hluta til varð það kveikjan að þessu verkefni en einnig sú skoðun mín að nemendur mættu þekkja sögu bæjarins betur.

Meginmarkmiðið með verkefninu er að nemendur:

- viti hvernig lífið var í heimabyggð þeirra fyrir á tímum.
- átti sig á því hvað fólk lagði mikið á sig til þess að hægt væri að búa í heimabyggð þeirra.
- geri sér grein fyrir breytingunum sem orðið hafa á lífi fólks síðustu árin.
- þekki sögu bæjarins.

Greinargerðin skiptist í þrjá meginflokkka:

1. **Fræðilegur hluti:** Fjallað er um tvo fræðimenn sem sett hafa fram kenningar um greindir okkar og hvernig best er að vinna að kennslu markmiða. Fjallað verður um kenningu Howards Gardners um fjölgreindir og hvernig hægt er að nota þær við kennslu námsefnisins [*Byggðin við ströndina*] og hvernig höfundur studdist við flokkunarkerfi Benjamíns Bloom og félagar við gerð verkefna í tengslum við söguna.
2. **Hugmyndir að kennsluaðferðum:** Þegar kemur að kennsluaðferðum styðst ég við kenningar Blooms og Gardners, ásamt því sem ég bendi á nokkrar hugmyndir frá Ingvari Sigurgeirssyni sem hægt er að nota við kennslu námsefnisins. Nokkrar af þessum hugmyndum eru t.d. vettvangsferðir, leiknínám, samvinnunám, þankahrið og margt fleira. Sem dæmi um hvernig tengja má mismunandi kennsluaðferðir í tengslum við námsefnið má nefna vettvangsferðir er notuð þá er meðal annars hægt að fara með nemendur á einhvern ákveðinn stað eins og í Kálfshamarsvík og þar skoða þeir alla þætti þar sem snúa að kennsluefninu. Eins er ef kennsluaðferðin sem kölluð er þankahrið er notuð. Þá er byrjað á að athuga hvað nemendum dettur í hug þegar þeir heyra eitthvað ákveðið orð, eins og t.d. orðið sjómenska.

Kennarinn skráir þá hjá sér eða á töfluna allar hugmyndir sem koma frá nemendum um sjómennsku.

3 Námsefnið: Sem námsefnið og verkefnið byggir á heitir [*Byggðin við ströndina*]. Nokkur af þeim atriðum sem bent er á í sögunni eru sem dæmi; uppbygging hafnargerðar og sjósóknar á Skagaströnd, hvernig Höfðinn myndaðist, vinnu fólks var háttáð á árum áður, sagnir af Þórdísi spákonu og uppbygging í sjávarþorpinu Kálshamarsvík.